

LÖG

um breyting á lyfjalögum, nr. 49/1978.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Upphaf 40. gr. orðist svo:

Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn sjóðsins, til fjögurra ára í senn, svo sem hér segir:

42. gr. orðist svo:

Tekjur lyfsölusjóðs eru vextir af lánnum, hagnaður af sölu áhalda og lyfjabirgða svo og tekjur af rekstri lyfjabúðar, sbr. 41. gr. 1.—3. tl.

Ríkissjóður leggi lyfsölusjóði til árlegt framlag skv. fjárlögum. Framlag þetta nemi sem næst 1% af áætluðu CIF-verði innfluttra lyfja og lyfjaefna.

Árlegt gjald, lyfsölusjóðsgjald, skal lagt á allar lyfjabúðir. Gjald þetta sé jafnhátt eftirlitsgjaldi lyfjabúða og innheimtist með því, svo sem nánar skal ákveðið í reglugerð. Gjald þetta er lögtakskræft.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1982.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

Nr. 89.

LÖG

um breytingu á lögum, nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, ásamt síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laga nr. 83/1974 sbr. lög nr. 99/1979 og lög nr. 105/1980 hljóði svo:

Af verðjöfnunargjaldi skv. 1. mgr. þessarar greinar skal verja allt að 3% af seldri raforku á árinu 1982 til þess að greiða kostnað Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða af keyrslu vararafstöðva vegna rafmagnsskorts á s. l. vetri, samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein er hljóði svo:

Heimilt er iðnaðarráðherra á árinu 1982 að fela Orkusjóði að endurgreiða Rafveitu Siglufjarðar verðjöfnunargjald af raforku sem nemi allt að þeirri upphæð sem innheimt verður af raforkusölu veitunnar.

31. desember 1981.

2. gr.

5. gr. laga nr. 83/1974 hljóði svo:
Hafi gjaldskyldur aðili ekki skilað verðjöfnunargjaldi á eindaga falla á dráttarvextir af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

3. gr.

Í stað „1981“ í 16 gr. laga nr. 83/1974 komi: 1982.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Hjörleifur Guttormsson.

31. desember 1981.

Nr. 90.

LÖG

um breyting á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 15. gr. laganna (sbr. 23 gr. llnr. 48/1968) bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

3. Námsmenn búsettir á Norðurlöndum skulu færðir á kjörskrá þar sem þeir voru síðast heimilisfastir hérlendis, nema gild ástæða sé til annars.

2. gr.

Í stað „Þegar þrjár vikur eru til kjördags“ í 20. gr. laganna komi: Þegar tvær vikur eru til kjördags.

3. gr.

21. gr. laganna breytist þannig:

1. Í stað „fundi, sem haldinn sé eigi síðar en 2 vikum fyrir kjördag“ í 1. mgr. komi: fundi, sem haldinn sé eigi síðar en einni viku fyrir kjördag.

2. Við greinina bætist ný málsgrein, er orðist svo:

Nú er maður dæmdur eða kærður inn á kjörskrá og skulu þá viðkomandi dómarrar eða sveitarstjórn tilkynna strax yfirkjörstjórn og sveitarstjórn þess umdæmis, þar sem aðillinn hlaut rétt til þess að vera á kjörskrá, og einnig þess umdæmis, þar sem hann var strikaður út, nafn og heimilisfang viðkomandi, enda þótt útskrift af dómi verði send síðar.

4. gr.

Í stað orðsins „sunnudagur“ í 57. gr. laganna komi: laugardagur.